

Viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2010

**Varðar breytingartillögur viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, 343. mál**

Félag um innri endurskoðun setti fram athugasemdir við 6. og 11. grein frumvarpsins í bréfi sínu til viðskiptanefndar dagsettu 22. febrúar sl. Með breytingartillögum viðskiptanefndar er að töluverðu leyti komið til móts við þessar athugasemdir. Engu að síður teljum við rétt að benda á eftirfarandi atriði:

**6. grein frumvarpsins – 4. tl. í breytingartillögum nefndarinnar**

Tekið er undir breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein. Þó er vakin athygli á eftirfarandi atriðum:

- i. Varðandi c-lið: Breytingartillagan felur í sér að nú er gert ráð fyrir að forstöðumaður skuli hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar. Þótt þetta sé vissulega skref í rétta átt eru vonbrigði að ekki skuli gerð krafa um próf í innri endurskoðun.

*1210-Proficiency*

*Internal auditors must possess the knowledge, skills, and other competencies needed to perform their individual responsibilities. The internal audit activity collectively must possess or obtain the knowledge, skills, and other competencies needed to perform its responsibilities.*

*Interpretation:*

*Knowledge, skills, and other competencies is a collective term that refers to the professional proficiency required of internal auditors to effectively carry out their professional responsibilities. Internal auditors are encouraged to demonstrate their proficiency by obtaining appropriate professional certifications and qualifications, such as the Certified Internal Auditor designation and other designations offered by The Institute of Internal Auditors and other appropriate professional organizations.*

- ii. Varðandi g-lið: Breytingartillagan gerir ráð fyrir að forstöðumaður innri endurskoðunar skuli hafa rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá. Þetta er liður í að tryggja forstöðumanninum beinan aðgang að stjórn, en mætti ganga lengra.

*1111-Direct Interaction With the Board*

*The chief audit executive must communicate and interact directly with the board.<sup>1</sup>*

- iii. Enn virðist gert ráð fyrir að heimilt verði að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í reglugerð. Félagið leggur enn til að bætt verði við setninguna „ , en starfsemi þeirra skal vera í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.“

<sup>1</sup>Alþjóðastaðlar um innri endurskoðun („International Professional Practices Framework“) – sjá nánar í viðauka.



Félag um innri  
endurskoðun

- iv. Ítrekuð er sú ábending að í stað sérstakrar upptalningar laga í 2. mgr. 6. gr. eins og hún var sett fram í frumvarpinu, verði vísað til ákvæða 52. gr. laganna og sömu kröfur gerðar til forstöðumanns innri endurskoðunar og gerðar eru til framkvæmdastjóra og stjórnarmanna að þessu leyti.
- v. Nefndin hefur ekki gert tillögur um breytingu á skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins frá því sem sett er fram í frumvarpinu, en með breytingartillögu í f-lið er umfang þessarar skýrslugjafar skýrara. Með hliðsjón af umfjöllun í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er lagt til að sett verði inn ákvæði um reglulega fundi innri endurskoðenda með Fjármálaeftirliti, enda eru slíkir fundir líklegri til að tryggja opin samskipti varðandi eftirlitsumhverfi eftirlitsskyldra aðila.

## 11. grein frumvarpsins – 9. tl. í breytingartillögum nefndarinnar

Nefndin hefur gert tillögu um gagnngerar endurbætur á þessari grein frumvarpsins og virðast þær að verulegu leyti falla að fyrri ábendingum okkar. Tillögur nefndarinnar ganga þó út á að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd reglna sem fjármálafyrirtæki skuli setja sér skv. greininni. Á það er bent að hér er um að ræða málefni sem eru á verksviði Persónuverndar, sbr. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji viðskiptavinir að fjármálafyrirtæki hafi ekki brugðist við á fullnægjandi hátt geta þeir leitað til Persónuverndar um frekari eftirfylgni.

Virðingarfyllst,

Félag um innri endurskoðun

Ágúst Hrafnkelsson, CIA  
stjórnarformaður

**Practice Advisory 1111-1**  
**Board Interaction**

***Primary Related Standard***

**1111 – Direct Interaction with the Board**

The chief audit executive must communicate and interact directly with the board.

---

1. Direct communication occurs when the chief audit executive (CAE) regularly attends and participates in board meetings that relate to the board's oversight responsibilities for auditing, financial reporting, organizational governance, and control. The CAE's attendance and participation at these meetings provide an opportunity to be apprised of strategic business and operational developments, and to raise high-level risk, systems, procedures, or control issues at an early stage. Meeting attendance also provides an opportunity to exchange information concerning the internal audit activity's plans and activities and to keep each other informed on any other matters of mutual interest.
  
2. Such communication and interaction also occurs when the CAE meets privately with the board, at least annually.

\*\*\*